

Skipulagsstofnun
Borgartún 7a
105 Reykjavík

Reykjavík, 3.apríl 2025
UOS2503-107/KBB
13.05.00

Umsögn – Mat á umhverfisáhrifum – Matskyldufyrirspurn – Selfosslína 1, breyting við Ljósafossstöð

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 5. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um framangreinda matsáætlun.

Framkvæmdarlýsing

Selfosslína 1 er 66 kV háspennulína sem liggur í dag frá Ljósafossstöð að Selfossi. Hluti línunnar næst Ljósafossstöð hefur nú þegar verið lagður í jörðu þar sem hann liggur meðfram Þingvallavegi á um 2 km kafla, en þaðan liggur raflínan sem loftlína að tengivirkinu á Selfossi. Felst framkvæmdin í endurnýjun á línunni að hluta. Um er að ræða lagningu jarðstrengs á um 2 km leið, frá Írafossstöð að mastri 8 í núverandi landlínu. Sá hluti loftlínunnar sem jarðstrengurinn leysir af hólmi verður rifinn. Núverandi jarðstrengur verður aflagður en ekki liggja fyrir áform að svo stöddu um að fjarlægja strenginn nema þann hluta sem er innan lóða og verður það gert í samráði við landeiganda.

Markmið framkvæmdarinnar

Rökstuðningur fyrir verkefninu er að Selfosslína 1, eins og hún er rekin í dag, mun ekki geta annað orkuskiptum á svæðinu á næstu árum. Spennuhækkunin er mikilvægur liður í að styrkja svæðisbundna kerfið á Suðvesturlandi með því að færa það upp í 132 kV spennu og auka þannig afhendingargetuna á svæðinu. Selfosslína 1 sé nú takmarkandi í núverandi kerfi m.a. innan sveitarfélaganna Árborgar og Ölfuss og því mikilvægur þáttur í því að mæta auknu álagi á kerfið í nærsamfélaginu.

Valkostagreining

Landsnet skoðaði tvær leiðir fyrir strenginn frá Írafossi að Selfosslínu 1. Annars vegar Leið 1 um 2,5 km löng leið beint suður frá Írafossi með þverun yfir vatnslítinn farveg Sogsins ofan á botnrás Írafossstöðvar. Þaðan vestan Sogsins um land Bíldsfells, meðfram vegslóð gegnum

kjarrskóg að mastri 10. Hins vegar Leið 2 um 2 km löng leið frá Írafoss til suðausturs yfir í land Syðri Brúar meðfram árbakka Sogsins austan megin að mastri 8. Samanburður á leiðunum og samtöl við landeigendur leiddu til þeirrar niðurstöðu að velja valkost 2.

Áhrif á vatn

Eins og fram kemur í greinargerð þarf að þvera Brúará (104-904-R) sem getur haft neikvæð áhrif á þá gæðapætti sem skilgreindir hafa verið fyrir vatnshlotið. Þess vegna er mikilvægt að unnið sé ítarlegt áhrifamat sem fyrst í ferlinu sem segir til um hver áhrif framkvæmda verða á gæðapætti sem skilgreindir hafa verið fyrir vatnshlot. Þá bendir Umhverfis- og orkustofnun á að gefnar hafa verið út leiðbeiningarnar *Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot*¹ um það hvernig beri að framkvæma slíkt mat. Áður en leyfi eru veitt er mikilvægt að áhrif framkvæmda á vatn liggi fyrir svo leyfisveitandi geti tekið afstöðu til þess hvort framkvæmdin sé í samræmi við vatnaáætlun og lögum um stjórn vatnamála.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á mikilvægi þess að hugað verði að mengunarvörnum við lagningu strengsins til þess að koma í veg fyrir að t.d. olía frá vinnuvélum berist í yfirborðsvatn eða grunnvatn.

Staða í kerfisáætlun Landsnets

Framkvæmdin er í samþykkttri kerfisáætlun Landsnets 2023-2032. Hlutaendurnýjun línunnar var bætt við á framkvæmdaáætlun og umfjöllun um verkefnið er ekki að finna í umhverfisskýrslu sem er hluti kerfisáætlunar. Verkefninu hefur verið flýtt til þess að það fylgi framkvæmdum Vegagerðarinnar við Ölfusbrú. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist 2025 og þeim ljúki 2026 samhliða framkvæmdum Vegagerðarinnar við Ölfusbrú. Í umfjöllun í framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar kemur fram að hluti verksins yrði framkvæmdur 2024 (strenglagngng á kafla sem Vegagerðin þarf að vinna við).

Umhverfis- og orkustofnun telur að framkvæmdin eins og hún er sett fram í greinargerð hafi í för með sér risk á framkvæmdatíma, en sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif þar sem svæðið sé þegar raskað og um endurnýjun að ræða.

Virðingarfyllst,

Rán Jónsdóttir

Verkfræðingur

Kristín Björk Birgisdóttir

Sérfræðingur

¹ [Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot](#)

